

Priðjudaginn 7. febrúar 1978.

Nr. 25/1978. **Ákærvaldið**
 gegn
Hauki Heiðar.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Birgir Þormar, full- trúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 31. janúar 1978, sem Hæstarétti barst 3. febrúar s. á. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá krefst hann þess, að „málsmeðferð verði vítt“.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úr- skurðar.

Frá varnaraðilja hefur borist ítarleg greinargerð.

Hinn 30. janúar sl. skýrði varnaraðili svo frá hjá rann- sóknarlögreglu ríkisins, að hann teldi sig hafa „til ráðstöfun- ar erlendis frá“ rúmlega 20 milljónir króna, sem hann væri reiðubúinn að greiða Landsbanka Íslands. Í greinargerð varn- araðilja til sakadóms Reykjavíkur og Hæstaréttar í máli þessu segir, að fé þetta sé geymt í Sviss. Í gögnum málsins eru hins vegar engar nánari upplýsingar um, hvaðan fé þetta sé runnið, hve mikið það sé og hvar það sé geymt. Við fyrri yfirheyrslur hafði varnaraðili skýrt svo frá, að hann hefði eytt til eigin þarfa fé því, er hann kvaðst hafa dregið sér.

Í skýrslum, sem tveir framkvæmdastjórar Sindra-Stáls h/f (Einars Ásmundssonar Imp-Exp) gáfu rannsóknarlögreglu 27. og 28. desember sl., kemur fram, að varnaraðili hafi fyrr í þeim mánuði reynt að fá þá til að afhenda sér skjöl, er vörð- uðu brot hans. Við yfirheyrslu 29. desember kannaðist varn- araðili við, að hér væri rétt með farið, og komst svo að orði,

að um hefði verið talað, að annar framkvæmdastjórnanna kæmi með skjöl til hans „og léti laga þau“.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins krafðist þess hinn 31. janúar 1978, að gæsluvarðhald varnaraðilja yrði framlengt til 1. mars s. á., en því átti að ljúka þann dag. Nauðsynlegt er, að héraðsdómari, sem ekki hefur fylgst með rannsókn máls, fái nægan tíma, eftir því sem kostur er, til að kanna rannsóknargögn og meta málsástæður, áður en hann úrskurðar um slíka kröfu.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 31. janúar 1978.

Ár 1978, þriðjudaginn 31. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Birgi Þómar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur hinn 23. desember sl. var kærða, Hauki Heiðar, gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 1. febrúar 1978 í þágu rannsóknar rannsóknarlögreglu ríkisins á ætluðu fjármálamisferli kærða í sambandi við starf hans við ábyrgðardeild Landsbanka Íslands. Í dag hefur rannsóknarlögreglustjóri ríkisins gert þá kröfu að gæsluvarðhaldsvist kærða verði framlengd til miðvikudagsins 1. mars 1978.

Við rannsókn rannsóknarlögreglu ríkisins í máli þessu hefur kærði játað að hafa um árábil staðið að stórfelldum fjártökum í sambandi við viðskipti bankans og tilgreindra fyrirtækja. Nemur fjárhæð sú, sem hér er um að ræða, röskum 52 milljónum króna. Styðst þetta og við greinargerðir og gögn endurskoðunardeildar Landsbankans, sem hafa verið að berast allan þennan mánuð, eftir því sem athugun endurskoðunardeildar bankans hefur miðað. Unnið hefur verið sleitulaust að rannsókn málsins, og er henni ekki lokið. Ekki hefur verið upplýst með fullnægjandi hætti um ráðstöfun þessa fjár af hálfu kærða, og við rannsókn þess hefur m. a. verið leitað eftir upplýsingum og gögnum erlendis frá, er eigi hafa enn borist.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins í gær upplýsti

kærði, að hann hefði til ráðstöfunar erlendis frá rúmlega 20 milljónir króna. Ekki vildi hann greina frá því, hvar hann hafði þessa fjármuni til ráðstöfunar erlendis, í hvaða gjaldeyri né heldur með hvaða hætti hann hefði flutt fjármunina úr landi.

Enn er unnið að rannsókn þess, hvort um aðrar og frekari fjártökur hafi verið að ræða af hálfu kærða en þegar er komið fram, og er ahugun endurskoðunardeildar bankanst að því leyti ekki lokið. Loks er samprófun kærða og vitna eigi heldur lokið.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir nauðsynlegt, að gæsluvarðhald kærða, Hauks Heiðars, verði framlengt til miðvikudagsins 1. mars 1978 til að koma í veg fyrir, að hann spilli sakargögnum og hafi áhrif á vitni og/eða hugsanlega samseka eða nái að skjóta undan peningum eða öðrum fjármunum, sem aflað hefur verið með brotum hans, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar því ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhaldsvist kærða, Hauks Heiðars, framlengist allt fram til kl. 1600 miðvikudaginn 1. mars 1978.

Þriðjudaginn 7. febrúar 1978.

Nr. 138/1975. Þór Guðmundsson

(Agnar Gústafsson hrl.)

gegn

Jóhanni Þorgeirssyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Samningar. 31. gr. samningal. nr. 7/1936. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Armann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1975. Hann krefst þess, að viðurkennt verði